

# Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.  
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.  
Ritstjórn Matthías Johannessen,  
Styrmir Gunnarsson.  
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson,  
Björn Jóhannsson.  
Fréttastjórn Freysteinn Jóhannsson,  
Magnús Finnsson,  
Sigtryggur Sigtryggsson.  
Auglýsingastjóri Baldvín Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 10100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Skeifunni 19, sími 83033. Askriptargjald 110 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 7 kr. eintakið.

## Ráðherra í vanda

Hjörleifur Guttormsson, iðnaðarráðherra, er þekktari fyrir margt annað en röskleika í ákvarðanatöku. En þá sjaldan að til ákvarðana dregur hjá þessum ráðherra gerist það með einskönar jarðhræringum, kvikuhlaupum og þjóðmálagosum, þann veg, að allt verður á tjá og tundri í kring um hann.

Eftir margra mánaða og missera vangaveltur um staðsetningu steinullarverksmiðju leggur iðnaðarráðherra loks fram tillögu um hana í ríkisstjórn. Hér verður ekki tekin afstaða til staðarvalsins út af fyrir sig, en bæði plássin eru verðug slíks fyrirtækis. Hitt dylst engum, sem eftirmálin heyrir, að ráðherra hefur enn einu sinni tekizt að klúðra vinnubrögðum svo, að fjaðrafokið þeirra vegna nær langt inn í hans eigin flokksráðir.

Garðar Sigurðsson, samflokksmaður iðnaðarráðherra á þingi, segir í viðtali við Morgunblaðið í gær: „Ég er ekki hissa á nokkrum sköpuðum hlut frá þessum mönnum lengur...“ — „Þegar Hjörleifur tók til sín borinn og sagði að Orkustofnun væri undir iðnaðarráðuneyti, út af einhverjum ástæðum, sem ég er ekki klár á, þá talaði hann ekki við mig eða aðra í þingflokki. Ég frétti þetta í fjölmiðlum.“ Garðar sagði og, að ráðherra hefði ekki þingflokki á bak við sig í steinullarákvörðunum. „Þar hefur engin samþykkt verið gerð í þessu máli,“ sagði þingmaðurinn, og hann hnykkir enn á: „Það verður slegizt við hann,“ þ.e. iðnaðarráðherra, „af fullum krafti.“

Hjörleifur Guttormsson, iðnaðarráðherra, hefur sætt vaxandi gagnrýni undanfarið, vegna flestra þeirra stærri mála er undir hann heyrar:

● Hann hefur dregið fætur í ákvarðanatöku, varðandi virkjunarkosti, árum saman, og hagaði verklagi svo, er hann mannaði sig seint og um síðir í tillögugerð, að allt ætlar af göflum að ganga í stjórnarherbúðunum.

● Hann hefur hunzað það meginatriði, varðandi arðsemi nýrra stórvirkjana, að tryggja þeim orkumarkað með tilurð orkufreks iðnaðar, vegna persónulegra fordóma og þröngsýni.

● Hann grípur til þess, sem utanríkisráðherra kallar „valdníðslu“, til að knýja Orkustofnun til að ganga á gjörðan verksamning varðandi jarðvegskönnun á Helgúvíkursvæði, og leitt getur til þess að viðamikil verkefni flytjist frá íslenskum aðilum til erlendra.

● Hvað sem líður réttmæti þeirrar tillögugerðar, að steinullarverksmiðja skuli fremur rísa á Sauðárkróki en í Þorlákshöfn, sem hér er látið liggja á milli hluta, er verklag ráðherra slíkt við ákvarðanatökuna, að gagnrýni veldur langt inn í eigin flokksráðir hans.

Tveir þingmenn, sem teljast til stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar, Garðar Sigurðsson og Eggert Haukdal, hafa bæði í þingræðum og blaðaviðtölum látið orða falla á þann veg um verklag iðnaðarráðherra, að draga verður í efa, að hann hafi þingmeirihluta á bak við sig sem ráðherra. Þetta hlýtur að vera ráðherranum jafnljóst og öðrum. Spurningin er, hvort hann hafi geð til að hokra áfram við möppuðrabúskap sinn, ef það er í óþökk meirihluta Alþingis?

Forsætisráðherra sá ástæðu til að láta utanríkisráðherra í té sérstaka traustsyfirlýsingu úr ræðustól á Alþingi fyrir fáum dögum. Ástæðan var þó sú ein að utanríkisráðherra fylgdi fram einróma þingsályktun Alþingis, eftir réttum valdssviðsreglum, í skjóli augljóss meirihluta bæði þings og þjóðar. Sama verður ekki sagt um sum vinnubrögð iðnaðarráðherra, hvorki að því er varðar afskipti af Helgúvíkurmálum né almennt verklag í ráðuneyti hans. Það er mun ríkari ástæða til þess, að forsætisráðherra taki af skarið um traust eða ekki traust hans sjálf á þeim ráðherranum, sem umdeildastur er, Hjörleifi Guttormssyni.

## Blessuð virðingin Alþingis!

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð hrópuðu ýmsir upp, að nú væri virðing Alþingis borgið. Í þessum pólitíska talkór var forsætisráðherra. En hvernig er svo blessaðri virðingunni farið? Jú, Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, upplýsir, að annað aðalmál líðandi stundar, Blönduvirkjun, hafi ekki verið rætt í þingflokki Framsóknarmanna og Garðar Sigurðsson, þingmaður Alþýðubandalags, upplýsir, að hvorki samningsmál Orkustofnunar og verktaka á Helgúvíkursvæði né staðsetning steinullarverksmiðju hafi verið rætt í þingflokki Alþýðubandalagsins.

Þar með er eina forsenda ríkisstjórnarinnar, hin meinta virðing fyrir Alþingi, brostin.

## Stjórnarfarsleg ábyrgð

Við verðum í senn að lifa í sátt við land okkar og umhverfi og á gæðum þess og gögnum. Þær nytjar, sem þjóðin hefur af landi sínu, þýða sumar hverjar nokkra röskun á umhverfi, sem sárindum veldur. Ábyrgð af þessari röskun verða viðkomandi stjórnvöld að axla. Hvort heldur sem er heidaland í A-Húnavatnssýslu, lóð undir Seðlabanka, hamrabrún við Helgúvík, útitafl á Torfunni, eða annað slíkt, er það borgarmálaforysta og ríkisstjórnarforysta, þar sem Alþýðubandalag er í öndvegi, en ekki hið „vonda íhald“, sem ber hina stjórnarfarslegu ábyrgð á líðandi stund.

Ólafur Jóhannesson á degi samstöðu með afghönsku þjóðinni:

## Ástandið alvarlegra nú en nokkru sinni fyrr

HÉR FER á eftir yfirlýsing utanríkisráðherra, Ólafs Jóhannessonar, vegna dags samstöðu með afghönsku þjóðinni 21. mars 1982:

Ástandið í Afghanistan er nú alvarlegra en það hefur nokkru sinni verið frá því að landið var hernumið hinn 27. desember 1979. Meira en eitt hundrad þúsund sovéskir hermenn eru nú í landinu og gegna því hlutverki að bæla þar niður allan mótþróa.

Fimmti hver íbúi hefur flúið land frá því innrásin var gerð. Dveljast nú 2,5 milljónir afghanskra flóttamanna í Pakistan og 1,5 milljónir í Íran, flestir við sára neyð.

Hinn 14. janúar 1980 var kvatt

saman sérstakt skyndiþing allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna til að fjalla um atburðina í Afghanistan. Þar samþykkti yfirgnæfandi meirihluti þjóða heims ályktun um tafarlausa brottför erlends herliðs úr landinu. Svipaðar ályktanir voru síðan samþykktar á allsherjarþingunum bæði haustið 1980 og haustið 1981 með enn traustari meirihluta en í janúar 1980 og voru deiluaðilar þar jafnframt hvattir til að leita pólitískrar lausnar á vandanum.

Þrátt fyrir þessar eindregnu ályktanir Sameinuðu þjóðanna hafa allar kröfur um réttláta lausn á málefnum Afghanistan verið hunsaðar og meðan svo

stendur er lítil von til þess að samskipti austurs og vesturs komist í betra horf.

Næstkomandi sunnudagur, 21. mars, er hinn gamli þjóðhátíðardagur Afghanistan. Þann dag hafa flestar lýðfrjálsar þjóðir Evrópu ákveðið að helga samstöðu með afghönsku þjóðinni. Af því tilefni vil ég lýsa þeirri von minni að sem fyrst verði hrundið í framkvæmd ályktunum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um pólitíska lausn á málefnum Afghanistan, svo að þjóðin geti aftur lifað í fríði í landi sínu og flóttamenn snúið til fyrri heimkynna.

Utanríkisráðuneytið,  
Reykjavík, 19. mars 1982.

## Samningaráð VSÍ:

## Þjóðhagsstofnun leggi þjóðhagslegar upplýsingar fyrir deiluaðila

Samningaráð Vinnuveitendasambands Íslands hefur farið þess á leit við ríkissáttasemjara, að hann hlutist til um, að Þjóðhagsstofnun athugi nokkur helstu efnahagslegu atriðin í landinu í sambandi við gerð kjarasamninga og leggi niðurstöðurnar fyrir samningsaðila.

Þau atriði, sem VSÍ vill að Þjóðhagsstofnun leggi fram eru:

1. Hver verður þróun þjóðartekna á mann á þessu ári og hverjar eru horfurnar í því efni fyrir 1983?

2. Hver yrðu áhrif þess á verðlagsþróun og atvinnulíf ef allar almennar kröfur og sérkröfur ASÍ og landssambanda þess yrðu samþykktar.

a) Í því tilvikum, að gengi krónunnar yrði lækkað til samræmis við

kostnaðarhækkunar vegna kjarasamninga.

b) Gengi krónunnar yrði ekki breytt vegna áhrifa kjarasamninga.

3. Hver verður kostnaðarþróun á þessu ári í innlendri framleiðslustarfsemi samanborið við kostnaðarþróun erlendra samkeppnisáðila.

## Verkefnisstjórn um Kísilmálmverksmiðju:

## Vilja reisa 25—30 þús. t. kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði

### Iðnaðarráðuneytið vinnur að öflun lagaheimildar til byggingar

Iðnaðarráðuneytið er nú að undirbúa lög til að afla heimildar til byggingar 25—30 þúsund tonna kísilmálmverksmiðju sem verkefnisstjórn, er iðnaðarráðherra skipaði fyrir einu ári, hefur nú lagt til að verði reist á Reyðarfirði. Leggur verkefnisstjórnin til að undirbúningi og framkvæmdum verði hagað þannig að verksmiðjan geti tekið til starfa 1. apríl 1985.

Í niðurstöðum nefndarinnar kemur fram, að reiknað er með

130 manna starfslíði við kísilmálmframleiðsluna og að mannvirki verði mjög svipuð og hjá Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, en þó 35% minni að umfangi. Reiknað er með að tekjur slíkrar verksmiðju verði um 220 millj. kr. á ári, en vinnulaun um 32 millj. kr. Stofnkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður 747 millj. kr.

Stofnkostnaður hafnarmannvirkja er lauslega áætlaður 29,5

millj. kr. og stofnkostnaður vatnsveitu 10—15 millj. kr.

Hráefni til kísilmálmframleiðslu eru kvarts, kol, koks, kurl og rafskaut og telur verkefnisstjórn að hráefnin séu auðfengin, enda hefur hún fengið tilboð í öll hráefni og viljafyrirlýsingar um langtímasamninga um hráefnisölu. Hráefnaflutningar á ári fyrir 25 þúsund tonna verksmiðju eru um það bil 130 þúsund tonn og skapast þar möguleikar fyrir íslensk skipafélag.

## Yfirlitssýning á myndum Ragnheiðar heitin



Ragnheiður heitin Ream að störtum.

YFIRLITSSÝNING á verkum Ragnheiðar heitin Jónsdóttur Ream verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 20. mars. Að sögn Donalds Ream, eiginmanns Ragnheiðar, verða 107 verk á sýningunni, 80 oljumálverk og 27 teikningar, skissur og klippmyndir.

Í sýningarskrá rita Hjörleifur Sigurðsson og Aðalsteinn Ingólfsson um verk Ragnheiðar. Þar kemur fram að landslagið skipar veglegan sess í myndum hennar. Þó hafði Ragnheiður þróað sinn eigin stíl og mætti aðeins í fáum tilvikum greina áhrif frá öðrum íslenskum landslagsmálurum í verkum hennar. Einnig ber lita-meðferð Ragnheiðar glögg vitni um hæfileika hennar á sviði myndlistar. Hjörtur segir m.a. að liturinn hafi verið undirstöðuhljómur í myndum hennar.

Ragnheiður, sem var dóttir